

**From:** [Baldur Dýrfjörð](#)  
**To:** [Baldur Dýrfjörð](#)  
**Subject:** Aðalfundur Samorku í mars 2023 - kosning stjórnar og formanns stjórnar  
**Date:** föstudagur, 27. janúar 2023 13:03:54  
**Attachments:** [image001.png](#)

---

## Komið þið sæl forsvarsfólk aðildarféлага Samorku

Kjörnefnd hefur hafið undirbúning aðalfundar en hún hefur m.a. það hlutverk skv. 10. gr. laga Samorku að gera tillögu til aðalfundar um kjör til stjórnar. Samkvæmt leiðbeiningum til kjörnefndar sem samþykkt voru á síðasta aðalfundi Samorku ber henni að kalla eftir tillögum að fulltrúum á lista til stjórnar og varastjórnar með því að senda tilkynningu á fyrirsvarsfólk aðildarfyrirtækja sem fara með atkvæðisrétt á aðalfundi um að hún hafi hafið störf og bjóða þeim að gera tillögu að fulltrúa úr hópi starfsmanna fyrirtækisins sbr.11. gr. laga Samorku.

**Með bréfi þessu kallar kjörnefnd eftir tillögum frá forsvarsmönnum aðildarfyrirtækjanna í samræmi við ofangreint.**

**Vinsamlega sendið tillögur að nöfnum til formanns kjörnefndar á netfangið [elin.smaradottir@or.is](mailto:elin.smaradottir@or.is) eigi síðar en 6. febrúar n.k.**

### Ákvæði 11. gr. um stjórnarkjör

Aðalfundur kys sjö menn í stjórn, formann sem kosinn skal sérstaklega, sex meðstjórnendur, sem kosnir skulu sameiginlega, og þrjú varamenn sem einnig skulu kosnir sameiginlega. Meðal stjórnar- og varamanna skal vera að minnsta kosti einn frá hverju fagsviði og allir úr hópi starfsmanna féлага. Félög sem greiða yfir 15% af heildar árgjöldum til Samorku, miðað við næstliðið starfsár, skulu hafa rétt til að tilnefna einn stjórnarmannanna sjö, auk sérstaks varamanns viðkomandi stjórnarmanns, sem komi ekki úr hópi fyrrnefndra þriggja varamanna. Séu báðir fulltrúar viðkomandi félags forfallaðir á stjórnarfundi á viðkomandi félag rétt á að senda áheyrnarfulltrúa á fundinn, en varamaður með atkvæðisrétt komi úr hópi annarra varamanna í stjórn. Ennfremur skal tryggja að a.m.k. einn aðalmaður og einn varamaður í stjórn komi úr hópi smærri veitufyrirtækja sem greiða innan við 1% af heildar árgjöldum til Samorku. Ekki má kjósa fleiri en tvo stjórnarmenn frá sömu fyrirtækjasamstæðu. Kjörtímabil stjórnarmanna skal vera tvö ár. Formaður skal að jafnaði ekki sitja lengur samfelld en fjögur ár og aldrei lengur en í sex ár. Hverfi maður úr stjórn innan árs frá kjöri hans skal þá kjósa annan í hans stað á næsta aðalfundi til eins árs og taka varamenn sæti hans fram að aðalfundi.

Fh. Kjörnefndar Samorku

Baldur Dýrfjörð



**Baldur Dýrfjörð**

Lögfræðingur Samorku

General Counsel

[baldur@samorka.is](mailto:baldur@samorka.is)

(+354) 862-1282

[www.samorka.is](http://www.samorka.is)